

Nd.

91. Tillaga

til þingsályktunar um útvarp símskeyta.

Flutningsm.: Jón Auðunn Jónsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að sjá um, að eftirleiðis verði útvarpað frá loftskeytastöðinni í Reykjavík eða útvarpsstöðinni almennum símskeytum, öðrum en fréttaskeytum, einkum til þeirra manna, sem búa fjarri talsímastöðvum.

Á s t æ ð u r.

Eins og kunnugt er, þá var símskeytum útvarpað frá loftskeytastöðinni í Reykjavík þar til í aprilmánuði síðastliðnum.

Ástæðan til þess, að ríkisstjórnin lét hætta þessu, var talin sú, að sent hafði verið pólitískt fréttaskeyti.

Nú er það vitanlegt, að a. m. k. tveir hreppar eru talsímasambandslausir, og auk þess eru margir bæir um land allt svo langt frá símastöð, að ekki er hægt að ná til þeirra með símskeyti nema á löngum tíma og með talsverðum kostnaði. Útvarpstækin eru því mjög nauðsynleg öllum þeim fjölda manna, sem svo er ástatt um.

Mér er kunnugt um, að í norðurlhreppum Norður-Ísafjarðarsýslu, sem enn eru símasambandslausir, öfluðu margir menn sér viðtækja til þess *einkum*

að geta fengið útvarpskeyti, og svo er og um þá, sem langt eiga til símastöðvar. Nauðsyn þessa fólks er því mikil á útvarpskeytunum. Hinsvegar virðist ekki almenn þörf á að útvarpa fréttaskeytum, og því eru þau undanskilin í tillögunni.